

Þriðjudaginn 7. mars 1978.

Nr. 102/1976. **Adolf Albertsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Steinunni V. Jónsdóttur

(Jón Ólafsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1976. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara sakarskiptingar, lækkunar bóta og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms, en til vara, að sök verði skipt. Í báðum tilvikum krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Adolf Albertsson, greiði stefndu, Steinunni V. Jónsdóttur, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar
og Þórs Vilhjálmssonar.**

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá, að rautt ljós hafi kviknað á götuvitanum andspænis honum, er hann var kominn inn

á gatnamót Grensásvegur og Miklubrautar og skömmu áður en árekstur varð. Ef lögð er til grundvallar skýrsla hans sjálfis um ökuhraða og gætt þess, er segir í vottorði gatnamálastjóra 28. maí 1975 um, að gult ljós á eftir grænu ljósi fyrir umferð suður Grensásveg logi í 3 sekúndur, er ljóst, að gult umferðarljós mun hafa kviknað á götuvitanum, er áfrýjandi átti enn ófarinn það langan spöl að stöðvunarlinu, að honum átti að vera unnt að stöðva bifreið sína þar án vandkvæða. Samkvæmt þessu verður við það að miða, að áfrýjandi hafi ekið inn á gatnamótin andstætt ákvæðum 4. mgr. 32. gr. reglugerðar nr. 61/1959. Á hann því sök á árekstrinum.

Stefnda hefur staðhæft, að hún hafi stöðvað bifreið sína við gatnamót Grensásvegur á leið sinni austur Miklubraut. Hafi hún ekki ekið út á gatnamótin fyrr en grænt ljós logaði á götuvita andspænis henni. Samkvæmt áðurgreindu vottorði gatnamálastjóra virðist hafa átt að loga rautt ljós í 2 sekúndur á götuvitanum andspænis stefndu, eftir að rautt ljós kviknaði á götuvita fyrir umferð suður Grensásveg, og síðan rautt / gult ljós í 2 sekúndur. Skýrsla stefndu um, að hún hafi ekið út á gatnamótin gegnt grænu umferðarljósi fær því ekki samrýmst skýrslu áfrýjanda um tendrun rauðs ljóss andspænis honum, enda hefði áfrýjandi þá átt að vera kominn suður yfir gatnamótin, áður en stefnda ók inn á þau. En hvað sem þessu líður, virðist ljóst, að bifreið áfrýjanda hljóti að hafa verið komin það langt inn á gatnamótin, er stefnda ók af stað, að hún hefði átt að sjá til ferða hennar og að hætta væri á árekstri, ef hún biði þess ekki, að bifreiðin kæmist yfir gatnamótin. Þar sem stefnda fylgdist ekki nægilega með umferð, er hún ók inn á gatnamótin, svo sem greint er í héraðsdómi, og þar sem hún ók á hlið bifreiðar áfrýjanda, þykir hún einnig eiga sök á árekstrinum.

Svo sem greint var, eru skýrslur aðilja um málsatvik ósamhljóða. Þykir ekki unnt samkvæmt þeim gögnum, sem við nýtur í málinu, að telja annan málsaðilja eiga meiri sök á árekstrinum en hinn. Ber því að dæma áfrýjanda til að bæta stefndu helming tjóns hennar, en hinn helminginn beri hún sjálf, sbr. 68. gr. laga nr. 40/1968.

Um fjárhæðir er ekki deilt hér fyrir dómi. Samkvæmt því

teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefndu 60.335 krónur með 13% ársvöxtum frá 3. mars 1975 til greiðsludags og 75.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. mars 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, 25. febrúar sl., hefur Steinunn V. Jónsdóttir, Vorsabæ 2, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. apríl 1975, gegn Adolf Albertssyni, Langholtiavegi 26, Reykjavík, til greiðslu á kr. 120.670 auk 2% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 3. mars 1975 til greiðsludags og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ.

Tryggingu h/f, Laugavegi 178, er stefnt til að gæta réttar síns í málinu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi að skaðlausu, en til vara, að sök verði skipt og að stefnda verði einungis gert að greiða lægstu hugsanlegu bætur og að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur, enda eru ekki gerðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst á þá leið, að miðvikudaginn 12. febrúar 1975 hafi stefnandi ekið austur Miklubraut og stöðvað við umferðarljós við Grensásveg. Síðan hafi stefnandi haldið áfram ferð sinni, þegar umferðarljósinn höfðu skipt frá rauðu yfir á grænt, en rétt í þann mund sem hún var komin út á gatnamótin, hafi bifreiðinni R 10665, sem stefndi ók og tryggð er hjá Tryggingu h/f, verið ekið í veg fyrir stefnanda suður Grensásveg með þeim afleiðingum, að bifreiðarnar skullu saman. Bifreiðinni R 10665 hafi verið ekið yfir gatnamótin, fyrst gegn gulu og síðan rauðu ljósi.

Í málinu hefur verið lögð fram lögregluskýrsla vegna áreksturs þess, sem málið er af risið. Þar segir svo m. a.:

„Þarna hafði orðið árekstur milli bifreiðanna R-10665, sem ekið var suður Grensásveg, og R-9084, sem ekið var austur Miklubraut, við áreksturinn snérist R-10665 í hálf hring. Umferðarljós eru á gatnamótum þessum.

Ökumaður R-10665 kvaðst hafa ekið suður Grensásveg með

u. þ. b. 40 km hraða miðað við klukkustund. Ökumaður sagði, að er hann hafi verið að aka inn á gatnamótin, hafi skipt á umferðarljósunum frá grænu yfir á gult, en ökumaður sagðist hafa verið kominn það langt, að hann taldi sig ekki geta stöðvað og ekið því áfram. Ökumaður sagðist hafa litið á umferðarljósin, rétt áður en bifreiðarnar rákust saman, og þá hafi verið komið rautt ljós. Ökumaður kvaðst ekki hafa séð R-9084 fyrr en bifreiðarnar rákust saman.

Ökumaður R-9084 kvaðst hafa ekið austur Miklubraut og stöðvað augnablik við Grensásveg, meðan umferðarljósin hafi skipt frá rauðu yfir á grænt. Ökumaður sagðist hafa rétt hafa verið búinn að aka af stað aftur á grænu ljósi, þegar R-10665 hafi komið suður Grensásveginn í veg fyrir sig, ökumaður kvaðst hafa hemlað, en bifreið sín runnið í hálkunni og bifreiðarnar rekist saman og eftir áreksturinn hafi R-10665 snúist í hálfhring. Ökumaður sagði, að við áreksturinn hafi farþegi í framsæti bifreiðar sinnar, Vilma Jónsdóttir, lent fram í framrúðu og rúðan brotnað við það, ökumaður kvaðst ætla að fara með Vilmu á slysavardstofu og láta vita, ef um meiðsli hafi verið að ræða.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: R-9084 framrúða brotin, v. frambretti, vélarhlíf, kælihlíf og svunta dældað og fram höggvari boginn. R-10665 h. afturhurð og h. aftur-bretti dældað.

Bifreiðin R-9084 var búin negldum snjóhjólborðum á öllum hjólum, en R-10665 var búin negldum snjóhjólborðum á afturhjólum en snjóhjólborðum á framhjólum.“

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar fyrir lögreglu.

Stefnandi kvaðst vera eigandi bifreiðarinnar R-9084, sem er árgerð 1974. Athygli stefnanda var vakin á því, að reikningurinn á dskj. nr. 5 er stílaður á Jón Víglundsson. Stefnandi kvaðst ekki vita, hvers vegna það var gert, en Jón Víglundsson er maður stefnanda.

Það kom fram hjá stefnanda, að hún hafi fyrst stöðvað vegna umferðarljósanna við Háaleitisbraut og síðan ekið yfir þau gatnamót og áfram eftir Miklubraut í austur og hafi hún haft bifreiðina í öðru ganghraðastigi og ekið á 20—25 km hraða vegna hálfku. Þá er hún kom að gatnamótunum við Grensásveg, hafi hún beðið eftir grænu ljósi og ekið af stað um leið og grænt ljós kom og þá í 1. ganghraðastigi. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið komin alveg billengdina út á götuna, þegar bill hafi komið og ekið fyrir sig og hafi hún stoppað á bílnum. Stefnandi kvaðst ekki hafa séð

til hinnar bifreiðarinnar, hún hafi ekki reiknað með að þurfa að líta til hægri eða vinstri, af því að hún hafi farið á grænu ljósi.

Það kom fram hjá stefnanda hér fyrir dómi, að farþeginn í bifreið hennar, sem minnst er á í lögregluskýrslu, sé dóttir hennar og hafi hún verið 9 ára gömul, þegar áreksturinn varð.

Hér fyrir dómi bar stefndi, að hann hafi komið suður Grensásveg að Miklubraut á grænu ljósi og hafi hann farið inn á gatnamótin á svona 40 km hraða, en þegar hann hafi verið kominn inn á miðbik þeirrar akbrautar Miklubrautar, sem er fyrir umferð í vestur, hafi hann tekið eftir gulu ljósi, en þegar hann hafi verið kominn inn að miðju gatnamótanna, hafi komið rautt ljós á móti. Stefndi kvaðst hafa haldið áfram, eftir að hann sá gula ljósið, og þegar hann hafi verið að koma yfir síðustu reinina, þá hafi bíll komið á hægri hlið á aftari hurð og bretti hjá sér.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

Vinna og efni, greitt Bílaskálanum h/f vegna viðgerð-	
ar og málningar	kr. 56.148
Varahlutir	— 63.437
Númersspjald og ljósastilling	— 1.085

Kr. 120.670

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að stefndi hafi með ólöglegum og ógætilegum akstri sínum yfir gatnamót Grensásvegur og Miklubrautar valdið árekstri þessum, en stefndi hafi ekið gegnt gulu og síðan rauðu ljósi suður Grensásveg yfir gatnamótin.

Skaðabótakröfurnar byggist fyrst og fremst á 69. gr., sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en akstur stefnda sé skýlaust brot á 1. mgr. 37. gr., 38. gr., sbr. 66. gr. og 3. mgr. 49. gr., c lið, umferðarlaga svo og reglugerð 61/1959, sbr. reglugerð 106 og 240/1968.

Um frekari rökstuðning fyrir kröfum stefnanda er vísað til lögregluskýrslu á dskj. nr. 3, uppdráttar á dskj. nr. 4 svo og til bréfsins á dskj. nr. 9, en þar er því haldið fram, að ef framburður ökumanns R 10655 um, að hann sjái rautt ljós, rétt um það bil sem árekstur verður eða um það bil 27.8 m frá stöðvunarlínu, hljóti hann að hafa séð gula ljósið kvikna, þegar hann er staddur ca 6.8 m frá stöðvunarlínu, og átt að geta stöðvað.

Miðað við 40 km hraða ætti hann að sleppa yfir götuna, ef gult ljós kviknaði um leið og hann fer yfir stöðvunarlínu og því þá heldur, ef hann hafi verið kominn lengra inn á gatnamótin, og

til viðbótar ferðatíma þessum hafi hann 2 sek., sem rautt ljós logar á öllum ljósum, og 2 sek., sem gult ljós lifi með rauðu.

Virðist augljóst af gögnum málsins, að stefndi hafi með akstri sínum þverbrotið reglur umferðarlaga og sé hann því skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að engin vitni hafi verið að árekstrinum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að af skýrslu lögreglunnar í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 3, og framburðum aðilja verði einungis ráðin sú staðreynd, að um kl. 1430 miðvikudaginn 12. febrúar 1975 hafi bifreiðinni R 9084 í eigu stefnanda verið ekið inn í hægri hlið bifreiðarinnar R 10665 í eigu stefnda á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur. Samkvæmt framburðum aðilja í sömu skýrslu hafi árekstur þessi orðið rétt í sama mund og umferðarljós voru að stöðva umferð um Grensásveg og heimila umferð um Miklubraut. Um aðdraganda að árekstri þessum sé einungis frásögn aðilja málsins og verði því að meta framburð þeirra og kanna að hve miklu leyti framburðirnir samrýmast stöðu bifreiða og aðstæðum eftir áreksturinn.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að hann hafi ekki átt sök á því, að tjón varð á bifreið stefnanda, og að ósannað sé, að stefndi hafi á nokkurn hátt hegðað sér gagnstætt umferðarlögum. Það sé skoðun stefnda, að orsök fyrir tjóninu á bifreið stefnanda hafi verið ógætni hennar sjálftrar, skortur á aðgæslu og röng viðbrögð. Allt bendi til þess, að stefnandi hafi ekið inn á gatnamótin án þess að huga að umferð umhverfis sig og áður en grænt ljós var komið á götuvatann. Auk þess sé mjög ólíklegt, að stefnandi hafi ekið bifreið sinni úr kyrrstöðu, þar sem hemlaför eftir bifreið hennar séu rúmir 2 metrar og ákoman allhörð.

Samkvæmt upplýsingum frá gatnamálastjóranum í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 11, sé tímaskipting umferðarljósa fyrir umferð suður Grensásveg og austur Miklubraut þannig:

Grensásvegur, gult á eftir grænu	3 sek.
Rautt á öllum ljósum	2 sek.
Miklubraut, beint áfram, rautt-gult	2 sek.

—
Alls 7 sek.

Samkvæmt ofansögðu sé tíminn frá því að gult ljós kviknar á eftir grænu fyrir umferð suður Grensásveg og þar til grænt ljós logar fyrir umferð austur Miklubraut samtals 7 sek. Bifreið á 40 km hraða sé talin berast 11.1 metra á hverri mínútu, sbr. dskj.

nr. 9, og á 7 sek. berist því bifreið á þeim hraða 77.7 metra. Frá stöðvunarlínu fyrir umferð austur Miklubraut og að árekstrarstað séu um 11 metrar. Bifreið sé að minnsta kosti 2 sek. að fara þá fjarlægð úr kyrrstöðu og ef sú fullyrðing stefnanda sé rétt, að bifreið hennar hafi verið kyrrstæð við umferðarljósín, þá komi þarna 2 sek. til viðbótar áðurgreindum 7 sek. og heildartíminn frá því að gult ljós kviknar fyrir umferð suður Grensásveg og þar til árekstur verður því samanlagt 9 sek. Stefndi beri að hafa ekið bifreið sinni á 40 km hraða og ætti hann því á áðurgreindum 9 sek. að hafa ekið 99.9 metra. Frá stöðvunarlínu fyrir umferð suður Grensásveg og að árekstrarstað séu 27.8 metrar, sbr. dskj. nr. 4. Sé áðurgreind fullyrðing stefnanda rétt, að hún hafi tekið af stað á grænu ljósi, þá hafi stefndi átt ófarna 72.1 metra að stöðvunarlínu, er gult ljós kviknaði á götuvatnum. Slíkt sé hrein fjarstæða og liggja nær að álykta, að stefnandi hafi ekið yfir stöðvunarlínu gegnt rauðu ljósi eða rauðu með gulu og áreksturinn því hennar sök.

Ofan nefnd tímaskipting umferðarljósanna komi mjög vel heim við framburð stefnda fyrir lögreglu, sbr. dskj. nr. 3, en þar segi hann, að gult ljós hafi kviknað, er hann ók yfir stöðvunarlínu, og að rautt ljós hafi kviknað rétt áður en árekstur varð. Gult ljós logi í tvær sekúndur og á þeim tíma berist bifreið á 40 km hraða 22.2 metra, sem samsvari því, að bifreið stefnda hafi átt ófarna 5 metra að árekstursstað, er rautt ljós kviknaði. Stefndi hafi á allan hátt hegðað sér rétt við aksturinn og ósannað sé, að hann hafi ekið andstætt umferðarlögum eða brotið af sér á annan hátt. Stefndi verði því að bera tjón sitt sjálf.

Fjárhæð stefnukröfu er mótmælt sem rangri og allt of hárrí. Dómsskjölum 5—7 er mótmælt, en samkvæmt þeim virðist heildarviðgerð og endurbygging hafa farið fram á bifreiðinni R 9084, sem í þeim dómsskjölum er skráð á nafn Jóns Víglundssonar, en ekki sé upplýst af stefnanda, hvernig á því standi. Ekki virðist tekið tillit til þess í stefnukröfum, að nýir hlutir komi í stað gamalla, og allsendis sé óvíst, að nauðsyn hafi borið til að skipta um alla þá hluti, sem skipt hafi verið um.

Varakrafa stefnda sé sett fram af því tilefni, að dómurinn komist að þeirri niðurstöðu, að stefndi eigi einhverja sök á tjóni stefnanda. Verði niðurstaðan sú, þá er á það bent, að réttargæslustefndi hafi boðið stefnanda að bæta henni tjón hennar að hluta, en stefnandi hafi hafnað því algerlega og ekki samþykkt neitt nema greiðslu tjónbóta að fullu. Verði niðurstaðan sú, að sök

verði skipt, sé réttlætanlegt að fella málskostnað niður vegna höfnunar stefnanda á greiðslutilboðinu.

Við munnlegan málflytning var því haldið fram af hálfu stefnda, að hjá réttargæslustefnda hafi verið framkvæmd lausleg skoðun á skemmdum á bifreið stefnanda, en mat hafi ekki verið framkvæmt. Hinum framlögðu reikningum var mótmælt sem of háum, en það lagt á vald hinna sérfróðu meðdómenda að meta viðgerðarkostnað á bifreið stefnanda, ef til kæmi.

Jafnframt var því haldið fram, að varhugavert væri að miða eingöngu við það, að stefndi hafi ekið á 40 km hraða, líklegt sé, að stefndi hafi ekið hægar.

Í máli þessu hafa engar vitnaleiðslur farið fram, enda ekki vitað um önnur vitni en 9 ára gamla dóttur stefnanda. Lögmenn aðilja hafa um rökstuðning fyrir kröfum sínum vísað m. a. til framlagðrar lögregluskýrslu, framburða aðilja hér fyrir dómi og til bréfs gatnamálastjórans í Reykjavík um tímaskiptingu umferðarljósa á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur.

Samkvæmt lögregluskýrslunni var snjócoma og hálka, þá er áreksturinn varð.

Þegar litið er til framburðar stefnda um, að hann hafi ekið inn á gatnamótin á um 40 km hraða á grænu ljósi, gult ljós hafi hann séð, þá er hann var kominn á miðja nyrðri akbraut Miklubrautar, en rautt ljós hafi hann séð skömmu áður en áreksturinn varð, bréfs gatnamálastjórans í Reykjavík á dskj. nr. 11, en þar kemur fram, að gult ljós á eftir grænu fyrir umferð suður Grensásveg lifi í 3 sekúndur, svo og uppdráttarins, sem fylgir lögregluskýrslunni, þá virðist framburðurinn ekki geta staðist. Lögmenn aðilja eru sammála um það, að bifreið, sem ekið er með 40 km hraða á klst., berist 11.1 metra á sekúndu. Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar af gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegur er vegalengdin frá stöðvunarlínu fyrir umferð suður Grensásveg og þar til komið er suður fyrir gatnamótin um 35 metra. Vegalengdin frá miðri nyrðri akbraut Miklubrautar að árekstursstað er um 17 metra.

Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. reglugerðar nr. 61 frá 1959 merkir gult ljós á eftir grænu ljósi og á undan rauðu ljósi, að numið skuli staðar. Ef ökutæki er komið á eða yfir stöðvunarlínu, þannig að hætta eða röskun umferðar stafi af stöðvun þess, skal því ekið áfram. Þetta ákvæði reglugerðarinnar þykir verða að skilja þannig, að ökumanni, sem ekur yfir gatnamót á gulu ljósi, beri

að haga akstri sínum þannig, að ekki stafi meiri hætta eða röskun umferðar af akstrinum en stöðvun bifreiðar.

Hér er og á það að líta, að bifreið stefnanda kom stefnda á hægri hönd.

Eins og málið liggur fyrir við dómtöku, hefur þeim framburði stefnanda, að hún hafi ekið yfir gatnamótin á grænu ljósi, ekki verið hnekkkt. Ekkert hefur komið fram, sem bendir til þess, að stefnandi hafi í umrætt sinn ekið ógætilega.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, telur rétturinn, að stefndi hafi átt sök á árekstrinum, og þar sem ósönnuð er nokkur sök af hálfu stefnanda, ber að leggja óskipta fébótaábyrgð á stefnda gagnvart stefnanda á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum árekstursins, skv. 1. og 3. mgr. 69. gr. laga nr. 40 frá 1968.

Fram er komið, að Jón Víglundsson er eiginmaður stefnanda, en reikningur á dskj. nr. 5 er stílaður á hans nafn. Ekki verður á þá skoðun stefnda fallist, að taka beri tillit til þess, að nýir hlutir komi í stað gamalla, þar sem bifreið stefnanda er af árgerð 1974, en áreksturinn varð í febrúar 1975.

Viðurkennt er af lögmanni stefnda, að bifreið stefnanda hafi verið færð til skoðunar til réttargæslustefnda, en skoðunargerð hefur ekki verið lögð fram. Verður því við mat á viðgerðarkostnaði að líta til skemmdalýsingar í lögregluskýrslu svo og til ljósmyndanna á dskj. nr. 12 og 13, en þær eru lagðar fram af lögmanni stefnda.

Þegar til þessara gagna er litið, telja hinir sérfróðu meðdómendur hina framlögðu reikninga ekki óeðlilega háa, hvorki hvað varðar vinnustundafjölda né að varahlutir hafi verið keyptir að óþörfu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 13% ársvextir.

Málskostnaður ákveðst kr. 36.500.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Haraldur Þórðarson bifreiðasmíðameistari og Finnboði Eyjólfsson bifvélavirkjameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Adolf Albertsson, greiði stefnanda, Steinunni V. Jónsdóttur, kr. 120.670 með 13% ársvöxtum frá 3. mars 1975

til greiðsludags og kr. 36.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. mars 1978.

Nr. 31/1976. **Pétur P. Melsted**
 (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
Valgerði Engilbertsdóttur
 og gagnsök
 (Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 9. febrúar 1976. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda gegn greiðslu á 95.000 krónum. Til vara er þess krafist, að dómkröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 4. ágúst 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér aðallega 1.181.977 krónur, en til vara 1.164.500 krónur, auk 9% ársvaxta af dæmdri fjárhæð frá 15. október 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember 1977 og 16% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Kröfugerð gagnáfrýjanda er óglögg og hvarflandi. Er óskýrt, hvort kröfur eru reistar á því, að gagnáfrýjandi telji sér ráðskonulaun úr hendi aðaláfrýjanda eða hitt, að hún krefjist hlutdeildar í eignaraukningu aðaláfrýjanda, meðan